

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 15. október 2013, í máli nr. E-278/2013:

Drómi hf.

(Bjarki Már Baxter hdl.)

gegn

Benedikt Skarphéðinssyni

(Jón Gunnar Ásbjörnsson hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 19. september 2013, að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Dróma hf., kt. 000000-0000, Lágmúla 6, Reykjavík, með stefnu birtri 10. janúar 2013, á hendur Benedikt Skarphéðinssyni, kt. 000000-0000, Frostaskjóli 87, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 25.294.835 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 1. nóvember 2010 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 29. desember 2011 að fjárhæð 10.000.000 kr.

Stefnandi krefst þess einnig að stefndi verði dæmdur til að þola staðfestingu á 6. veðrétti stefnanda í fasteign að Frostaskjóli 87, Reykjavík, með fastanúmer 202-4371, samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu 1. desember 2006, að fjárhæð 20.500.000 japönsk jen, fyrir framangreindri skuld og að staðfestur verði með dómi réttur stefnanda til að fá gert fjárnám í veðinu fyrir skuldinni auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnda, að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Stefndi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda sér að skaðlausu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning.

II

Málsatvik þessa máls eru að mestu óumdeild. Stefndi sótti um lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON hf.) með lánsúmsókn, dagsettri

30. nóvember 2006. Samkvæmt framlögðu afriti af umsókninni er hún handrituð á staðlað form frá SPRON hf. Umsóknin ber yfirskriftina „Umsókn um lán í erlendri mynt“. Með umsókninni óskaði stefndi eftir því að taka lán í erlendri mynt hjá SPRON hf. með þeim skilmálum sem um þau giltu og hann hefði þegar kynnt sér. Fram kemur að viðmiðunarfjárhæðin í íslenskum krónum hafi verið 10.000.000 kr., 100% í japönskum jenum. Lánið skyldi tekið til eins árs og gjalddagi þess vera 1. desember 2007. Til tryggingar láninu vildi stefndi veðsetja fasteign sína. Þá óskaði stefndi eftir því að SPRON hf. millifærði greiðslur hans á afborgunum og vöxtum af láninu af reikningi hans nr. 127. Hann skyldi ábyrgjast að ávallt yrði næg innistæða fyrir greiðslum. Undir þetta ritar stefndi.

Stefndi kveður að sér hafi ekki verið kynntir þeir skilmálar sem um þessi lán giltu, hvorki þá né síðar.

Neðsti hluti lánsúmsóknarinnar er útfylltur af starfsmanni SPRON hf. Er þar merkt við að lánsúmsóknin sé samþykkt að upphæð 10.000.000 kr. með fasteignaveði. Handskrifað stendur: „ATH. fjölm. reikningslán í jenum.“ Jafnframt kemur fram að lánið skuli bera LIBOR-vexti með 1,8% álagi og að lántökugjald sé 1%. Lánið skyldi greitt út 5. desember 2006. Þessi neðsti hluti virðist undirritaður af tveimur starfsmönnum SPRON hf.

Stefndi undirritaði aðra beiðni um reiknislán í erlendum myntum daginn eftir, 1. desember 2006. Fram kemur á þeirri beiðni að hann óski eftir því að SPRON hf. veiti honum fjölmyntareiknislán að upphæð 17.152.659 japönsk jen. Hann óski eftir því að fjárhæðin verði til reiðu á reikningi hans, nr. 1150-26-000127, 5. desember 2006 og að sami reikningur verði skuldfærður fyrir láninu ásamt vöxtum og kostnaði á gjalddaga 1. desember 2007. Vextir skyldu vera 12 mánaða LIBOR-vextir með 1,8% álagi og lántökugjald vera 1%. Stefndi kveður þetta skjal hafa verið útbúið af stefnanda.

Sama dag, 1. desember 2006, undirritaði starfsmaður SPRON hf. skjal sem ber heitið „Staðfesting á fjölmyntareikningsláni“. Í því skjali kemur fram að SPRON hf. hafi samþykkt beiðni stefnda um reikningslán bundið erlendum gjaldmiðlum. Lánsfjárhæðin verði lögð inn á reikning nr. 1150-26-000127 og endurgreiðist með þeim kjörum og skilmálum sem greint sé frá í skjalinu. Í staðfestingunni kemur fram að SPRON hf. láni í formi fjölmyntareikningsláns á útgáfudegi skjalsins 17.152.659 japönsk jen, miðað við kaupgengi tveimur dögum fyrr. Kaupgengið virðist þó dagsett sama dag og staðfestingin, 1. desember 2006. Jafnframt kemur fram að á gjalddaga, 1. desember 2007, verði SPRON hf. heimilt að skuldfæra framangreindan reikning stefndu fyrir andvirði lánsins í íslenskum krónum, að viðbættum vöxtum sem taki mið af 12 mánaða LIBOR-vöxtum hveðrar myntar að viðbættu 1,8% álagi. Útreikningur í íslenskar krónur muni miðast við sölugengi Sparisjóðabanka Íslands hf. á gjalddaga. Þá segir í skjalinu að skuldari sé skuldbundinn til að hafa til ráðstöfunar á reikningi sínum á gjalddaga fjárhæð sem svari til uppgreiðslu lánsins.

Í framlagðri kaupnótu, útgefinni 1. desember 2006, er höfuðstóll lánsins, nr. 665, tilgreindur 17.152.659 japönsk jen og 1% lántökugjald reiknað af höfuðstólnum þannig tilgreindum, 171.527 japönsk jen. Neðst á kaupnótunni kemur fram að 5. desember 2006 hafi 9.896.150 kr. verið greiddar vegna lánsins.

Stefndi gaf út tryggingarbréf til SPRON hf., 1. desember 2006, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum sínum við SPRON hf., að fjárhæð 20.500.000 japönsk jen, tryggt með 8. veðrétti í fasteign stefnda að Frostaskjóli 87, Reykjavík, með fastanúmer 202-4371. Bréfið hvílir núna á 6. veðrétti í samræmi við framlagt veðbandayfirlit fasteignarinnar.

Í samræmi við skilmála samningsaðila var andvirði lánsins lagt inn á framangreindan reikning stefnda 5. desember 2006.

Stefndi undirritaði beiðni um framlengingu láns, nr. 665, 3. desember 2007. SPRON hf. framlengdi lánið í samræmi við beiðnina, sem einnig er undirrituð af starfsmanni félagsins. Í stað gjalddaga lánsins 3. desember 2007 skyldi gjalddagi höfuðstóls þess verða 1. desember 2008. Báða þessa daga skyldu greiðast vextir af láninu. Í beiðninni kemur fram að staða lánsins hafi þann dag verið með stöðu erlendra mynta, 17.152.659 japönsk jen. Framlengingin miðaðist við að mynt lánsins yrði óbreytt. Fram kemur að lántakandi staðfesti að hann hefði verið upplýstur um, og hann fyllilega skilið, að áhrif hugsanlegra gengissveiflna gætu orðið þau að heildarskuld hans, í þeim gjaldmiðlum sem lánið væri í, gæti orðið hærri en upphafleg lánsfjárhæð. Sami reikningur skyldi skuldfærður og samkvæmt upphaflegum samningi aðila. Vextir skyldu vera 12 mánaða LIBOR-vextir með 2,3% álagi.

Stefndi undirritaði aðra beiðni um framlengingu láns, nr. 665, 1. desember 2008. SPRON hf. framlengdi lánið í samræmi við beiðnina, sem einnig er undirrituð af starfsmanni félagsins. Í stað gjalddaga lánsins 1. desember 2008 skyldi gjalddagi höfuðstóls þess verða 1. desember 2009. Báða þessa daga skyldu greiðast vextir af láninu. Í beiðninni kemur fram að lánið hafi þann dag verið með stöðu erlendra mynta, 17.152.659 japönsk jen. Framlengingin miðaðist við að mynt lánsins yrði óbreytt. Sami fyrirvari er í þessari beiðni og þeirri fyrri um áhættu af gengissveiflum. Sami reikningur skyldi skuldfærður og samkvæmt upphaflegum samningi aðila. Vextir skyldu vera 12 mánaða LIBOR-vextir með 2,3% álagi.

Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 var stofnað sérstakt hlutafélag, Drómi hf., stefnandi málsins, í eigu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., sem tók við öllum eignum félagsins og jafnframt öllum tryggingaréttindum, þar með talið öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengjast kröfum SPRON um aðilaskipti að kröfuréttindum í eigu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Stefndi undirritaði breytingu á „greiðsluskilmálum lánasamnings með erlendu myntviðmiði“ 22. desember 2009. Skilmálabreytingarnar eru á formi útbúna af Arion banka hf. Númer lánssamningsins, banki, höfuðbók og númer, er á skjalinu tilgreint 0398-35-9968. Upphafleg lánsfjárhæð er tilgreind 17.152.659 japönsk jen. Með skilmálabreytingunni var áföllnum vöxtum 1. desember 2009 bætt við höfuðstól lánsins sem varð þá, þann dag, 17.749.819 japönsk jen. Nýr gjalddagi skyldi vera 1. apríl 2010. Sami reikningur skyldi skuldfærður og samkvæmt upphaflegum lánssamningi og vextir áfram vera LIBOR-vextir, en með 2,5% álagi frá 1. desember 2009. Að öðru leyti skyldu ákvæði lánssamnings aðila haldast óbreytt. Skjalið er einnig undirritað af starfsmanni Arion banka hf. Fram kemur að Arion banki hf. geri þessa skilmálabreytingu samkvæmt umboði og

heimild í samningi milli skilanevndar SPRON og Arion banka hf.

Stefndi undirritaði aðra breytingu á „greiðsluskilmálum lánsamnings með erlendu myntviðmiði“ 12. maí 2010. Skilmálabreytingarnar eru á formi útbúna af Arion banka hf. Númer lánsamningsins, banki, höfuðbók og númer, er á skjalinu tilgreint 0398-35-9968. Upphafleg lánsfjárhæð er tilgreind 17.152.659 japönsk jen. Einnig kemur fram að staða lánsins 6. apríl 2010 hafi verið 17.750.499 japönsk jen. Með skilmálabreytingunni var greiðslu afborgana og vaxta frestað til 1. nóvember 2010. Sami reikningur skyldi skuldfærður og samkvæmt upphaflegum lánsamningi og vextir skyldu vera óbreyttir frá fyrri skilmálabreytingu. Að öðru leyti skyldu ákvæði lánsamnings aðila haldast óbreytt. Skjalið er einnig undirritað af starfsmanni Arion banka hf. Fram kemur að Arion banki hf. geri þessa skilmálabreytingu samkvæmt umboði og heimild í samningi milli skilanevndar SPRON og Arion banka hf.

Stefndi kveðst hafa sett sig í samband við starfsmann Arion banka hf. þegar líða hafi tekið að endanlegum gjalddaga lánsins. Sjá megi af framlögðum tölvupóst samskiptum að stefndi hafi tvívegis gert slitastjórn SPRON hf., nú stefnanda, tilboð um uppgjör lánsins. Kveði stefndi að samkvæmt framangreindum starfsmanni Arion banka hf. hafi slitastjórn SPRON hf. í báðum tilvikum hafnað tilboðunum. Stefndi hafi svo sent sama starfsmanni bréf 11. janúar 2011 og óskað eftir því að lánið yrði uppreiknað í samræmi við lög nr. 151/2010, um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Stefndi hafi gert ráð fyrir að ganga frá uppgjöri lánsins í framhaldi af endurútreikningi þess en ekki hafi verið orðið við ósk hans þar um.

Stefndi greiddi 10.000.000 kr. vegna lánsins 29. desember 2011.

Stefnandi sendi stefnda innheimtubríf, dagsett 26. september 2012, til innheimtu eftirstöðva skuldarinnar, vaxta og kostnaðar. Lögmaður stefnda svaraði stefnanda með bréfi, dagsettu 24. október sama ár, og reifaði þar sjónarmið stefnda. Hann óskaði jafnframt eftir því að farið yrði með lán stefnda sem lán í íslenskum krónum með ólögumætri gengistryggingu. Ekki var orðið við því af hálfu stefnanda.

Í málsatvikakafla greinargerðar stefnda kemur fram að í stefnu sé ekki getið um skuldabréf, útgefið 30. nóvember 2007, sem stefndi hafi gefið út til greiðslu upphaflegs láns. Oljóst sé um afdrif skuldabréfsins. Stefndi skorar þar á stefnanda að leggja fram frumrit skuldabréfsins auk annarra gagna sem tengist bréfinu ásamt því að veita upplýsingar sem geti varpað ljósi á ástæður að baki útgáfu skuldabréfsins og á afdrif þess. Í bókun stefnanda í þinghaldi 12. mars 2013 kemur fram að í gögnum stefnanda, sem áður hafi tilheyrt SPRON hf., finnist hvorki frumrit né afrit framangreinds skuldabréfs. Engin kaup vegna bréfsins séu skráð í kerfi félagsins og engin krafa sé skráð á stefnda vegna þess í lánakerfum. Af því leiði að SPRON hf. hafi aldrei keypt skuldabréfið af stefnda.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæðum framangreinds lánsamnings milli aðila málsins, tryggingarbréfum og viðaukum, almennum reglum samninga- og

kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og greiðslu skulda. Stefndi hafi lofað að greiða skuldina á gjalddaga og skuldbundið sig til þess að hafa á gjalddaga til ráðstöfunar á reikningi sínum fjárhæð sem svaraði til uppgreiðslu lánanna, það er, höfuðstóls og vaxta auk afgreiðslugjalds samkvæmt gjaldskrá í íslenskum krónum. Skuld samkvæmt lánsamningi nr. 9968 hafi verið í vanskilum frá 1. nóvember 2010. Innheimtuaðgerðir hafi engan árangur borið og því sé málshöfðun nauðsynleg.

Krafa stefnanda sundurliðist þannig:

Höfuðstóll í japönskum jenum	17.750.499
Samningsvextir í japönskum jenum	530.739
Samtals skuld í japönskum jenum	18.281.238

Á gjalddaga lánsins 1. nóvember 2010 hafi sölugengi japansks jens verið skráð 1,38365. Samtals nemi því krafa stefnanda vegna lánsins 25.294.835 kr. og sé það stefnukrafa málsins. Krafan beri vexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga 1. nóvember 2010 til greiðsludags. Hinn 29. desember 2011 hafi 10.000.000 kr. verið greiddar og sé þeirrar innborgunar getið í kröfugerð stefnanda.

Stefnanda beri nauðsyn til að fá veðrétt samkvæmt tryggingarbréfi, dagsettu 1. desember 2006, staðfestan með dómi til þess að geta gengið að hinni veðsettu eign. Því krefjist stefnandi þess jafnframt að stefndi verði dæmdur til að þola staðfestingu á veðrétti og að staðfestur verði með dómi réttur stefnanda til að fá gert fjárnám fyrir skuldinni, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Stefnandi byggir kröfu sína um málskostnað á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um dráttarvexti á ákvæðum III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

IV

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi þegar greitt að fullu þá skuld sem stefnandi krefji hann um greiðslu á. Krafa stefnanda sé þannig niður fallin. Verði talið að málsástæður stefnda leiði ekki til sýknu krefst stefndi þess að krafa stefnanda verði lækkuð verulega með tilliti til málsatvika og málsástæðna stefnda.

Stefndi kveður skuldina, sem stefnandi krefji hann um greiðslu á, vera vegna láns í íslenskum krónum sem hafi verið bundið við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögætum hætti. Lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu heimili ekki að

lán í íslenskum krónum séu verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla. Samkvæmt 2. gr. laganna séu ákvæði 13. gr. og 14. gr. þeirra ófrávíkjan leg og ekki verði samið um grundvöll verðtryggingar sem ekki sé stoð fyrir í lögum. Ákvæði samnings aðila málsins um gengistryggingu hafi verið í andstöðu við fyrirmæli laga nr. 38/2001 og séu því óskuldbindandi fyrir stefnda. Stefndi hafi að fullu greitt stefnanda með innborgun 29. desember 2011, sem hafi svarað til fjárhæð skuldarinnar á þeim tíma, endurreiknaðri án hinnar ólögætu gengistryggingar.

Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands ráðist það, hvort skuldbinding sé í íslenskum krónum, bundin við gengi erlendra gjaldmiðla, eða í erlendum myntum, öðru fremur af skýringu á texta viðkomandi samnings sem lýsi skuldbindingu lántaka. Skipti þá mestu sú fjárhæð sem sé tilgreind beint eða óbeint í samningnum. Dugi orðalag samnings um skuldbindingu ekki eitt og sér til að komast að niðurstöðu um gjaldmiðil hennar hafi Hæstiréttur Íslands talið að gæta verði að því hvernig ákvæðum samningsins um efnidir aðila hafi verið háttað og hvernig hafi verið staðið að þeim í raun.

Öll skjöl málsins séu samin einhliða af SPRON hf. sem hafi verið lánastofnun og því verði að skýra allan vafa, sem kunni að vera í samningi aðila, stefnda í hag, meðal annars í samræmi við 36. gr. b samningalaga nr. 7/1936.

Með lánsúmsókn 30. nóvember 2006 hafi komist á samningur milli aðila. Í úmsókninni komi fram að stefndi hafi óskað eftir að taka lán að fjárhæð 10.000.000 kr. sem skyldi bundið við gengi japanskra jena. Stefndi hafi óskað eftir því að afborganir yrðu skuldfærðar af reikningi hans hjá SPRON hf. í íslenskum krónum. Í úmsókninni sé undirritað samþykki SPRON hf. við lánsúmsókn stefnda, dagsett sama dag. Í samþykki SPRON hf. komi fram að samþykkt sé lán að upphæð 10.000.000 kr. Stefndi telur að þetta bendi til þess að skuldbindingin hafi verið ákveðin í íslenskum krónum bundin við gengi japanskra jena.

Stefndi telur að skjal, undirritað 1. desember 2006, hafi ekki falið í sér beiðni um reikningslán því fyrir hafi legið að degi fyrr hafi þegar verið samþykkt beiðni stefnda um slíkt lán. Ekki sé vitað til þess að beiðnin frá 1. desember 2006 hafi komið til afgreiðslu innan SPRON hf. eða farið fyrir lánanefnd. Slíkt hefði enda verið tilgangslaust þar sem beiðni stefnda frá 30. nóvember 2006 hafi verið samþykkt.

Að því leyti sem skilmálar lánsins komi ekki fram í samþykkttri lánsúmsókn verði að ætla að þeir birtist í staðfestingu SPRON hf. á láninu. Staðfestingin beri með sér að lánið hafi verið gengistryggt en ekki í erlendum myntum. Í staðfestingunni sé vísað til beiðni stefnda um reikningslán „bundið erlendum gjaldmiðlum“. Jafnframt segi að lánsfjárhæðin verði lögð inn á reikning, sem óumdeilt sé að sé tékkareikningur stefnda í íslenskum krónum. Stefndi telur ljóst að samkvæmt staðfestingunni skyldi lánið greitt út og endurgreitt í íslenskum krónum. Þau kjör og skilmálar sem vísað sé til um endurgreiðslu lánsins feli í sér að lánið hafi verið gengistryggt. Staðfestingin hafi kveðið á um að SPRON hf. lánaði stefnda 10.000.000 íslenskra króna og að lánið skyldi gengistryggt miðað við gengi japanskra jena, þannig að við útborgun lánsins yrði lánsfjárhæðin í mynt, 17.152.659 japönsk jen, miðað við kaupgengi 1. desember 2006, 0,5830. Á gjalddaga 1. desember 2007 skyldi stefndi endurgreiða í íslenskum krónum fjárhæð

sem svaraði til andvirðis 17.152.659 japanskra jena miðað við sölugengi Sparisjóðsbanka Íslands á gjalddaga.

Í framlögðum beiðnum stefnda um framlengingu á láninu, frá 3. desember 2007 og 1. desember 2008, óski stefndi eftir því að SPRON hf. framlengi lánið um ár þannig að vextir greiðist á framlengingardegi og á nýjum gjalddaga. Í beiðnunum komi fram staða lánsins í erlendri mynt. Tilgreind fjárhæð sé 17.152.659 japönsk jen. Fram komi að framlenging lánsins miðist við óbreyttar myntir. Þá komi fram að lantakandi staðfesti að hann hafi verið upplýstur um og hafi fyllilega skilið að áhrif hugsanlegra gengissveiflna gætu orðið þau að heildarskuld hans í gjaldmiðlum lánsins gæti orðið hærri en upphafleg lánsfjárhæð. Þessi skjöl hafi verið samin einhliða af SPRON hf. Framangreint bendi til þess að upphafleg lánsfjárhæð hafi verið í íslenskum krónum og að hún hafi verið bundin við gengi japanskra jena og því hafi lánið verið með ólögmætri gengistryggingu.

Stefndi telur í öllu falli ljóst að tilvísun til japanskra jena í samningi aðila sé ekki nægileg til þess að stefnandi teljist eiga kröfu á hendur stefnda í þeim gjaldmiðli. Verði ekki fallist á það með stefnda að ráða megi af tilgreiningu á skuldbindingu aðila að hún sé í íslenskum krónum verði, með vísan til dómaframkvæmdar Hæstaréttar Íslands, að gæta að því hvernig efndum aðila samkvæmt ákvæðum samningsins hafi verið háttáð og hvernig að þeim hafi verið staðið í raun. Ljóst sé að öll gögn sem tengist lánveitingunni beri með sér að láninu skyldi ráðstafað inn á íslenskan tékkareikning stefnda og að sami reikningur skyldi skuldfærður fyrir greiðslum afborgana og vaxta. Sú hafi og verið raunin að stefndi hafi fengið 9.896.150 íslenskar krónur greiddar inn á íslenskan tékkareikning þegar lánið hafi verið greitt út. Þá hafi stefndi greitt vexti af láninu í íslenskum krónum. Báðir aðilar hafi því efnt skyldur sínar samkvæmt samningnum í íslenskum krónum og það verið í samræmi við ákvæði samningsins um efndir.

Að öllu framangreindu virtu telji stefndi ljóst að skuldin sem stefnandi krefji hann um sé vegna láns í íslenskum krónum, bundið með ólögmætum hætti við gengi japanskra jena.

Stefndi telur sig hafa greitt að fullu skuld sína við stefnanda með innborgun 29. desember 2011, sé skuldin á þeim tíma endurreiknuð án hinnar ólögmætu gengistryggingar. Dómkröfur stefnanda og allur málatilbúnaður hans sé byggður á því að skuldbinding stefnda sé vegna lögmæts láns í erlendri mynt. Í stefnu sé ekki gerð krafa til vara um að stefndi verði dæmdur til að greiða tiltekna fjárhæð sem kynni að standa eftir af skuld stefnda sé fallist á málsástæður stefnda um að lánið hafi verið gengistryggt með ólögmætum hætti. Fari svo að málsástæður stefnda verði teknar til greina byggir stefndi á því að vegna þessara annmarka á málatilbúnaði stefnanda beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á að sýkna beri stefnda vegna annmarka á málatilbúnaði stefnanda byggir stefndi á því að tvær síðustu vaxtaskuldbindingar samkvæmt láninu séu óskuldbindandi fyrir stefnda á grundvelli reglna um brostnar forsendur og III. kafla samningalaga nr. 7/1936. Ástæða þess að stefndi hafi óskað eftir því að framlengja lánið hafi verið sú að greiðsluskylda hans hafði margfaldast sökum hinnar ólögmætu gengistryggingar. Stefndi hafi því ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að greiða lánið á gjalddögum 1. desember 2008 og 1. desember 2009. Stefndi hafi því óskað eftir framlengingu lánsins á framangreindum gjalddögum til að ráða

bót á fjárhag sínum svo hann gæti efnt skuldbindingu sína. Stefnda hafi verið veittur þessi frestur en í staðinn hafi hann þurft að greiða tvær vaxtagreiðslur í viðbót þar sem vextir skyldu greiðast á framlengingardögum og nýjum gjalddögum. Fyrri greiðslan hafi verið hnýtt við höfuðstól lánsins 1. desember 2009. Síðari greiðslan sé útistandandi miðað við gjaldfellingu lánsins 1. nóvember 2010. Verði komist að þeirri niðurstöðu að lán stefnda hjá stefnanda hafi verið gengistryggt með ólögumætum hætti byggir stefndi á því að forsendur hafi brostið fyrir beiðnum hans til framlengingar lánsins og fyrir því að hann hafi greitt áfram vexti af láninu. Það hafi verið ákvörðunarástæða og veruleg forsenda stefnda fyrir framlengingum að lánið væri lögumætt. Hefði stefndi vitað að lánið væri gengistryggt með ólögumætum hætti og höfuðstóll þess þar af leiðandi lægri í íslenskum krónum hefði stefndi ekki framlengt lánið á fyrrgreindum dögum og haldið áfram að greiða af því vexti. Þvert á móti hefði stefndi greitt lánið á gjalddaga 1. desember 2008. Þetta hafi stefnandi mátt vita. Stefnandi hafi einnig mátt vita að gengistrygging lánsins hafi verið ólögumæt. Sömu kröfur verði ekki gerðar til vitneskju stefnda vegna augljóss aðstöðumunar á honum og stefnanda.

Stefndi telur að stefnandi verði að bera hallann af hinni ólögumætu gengistryggingu og að það hvíli á stefnanda að sýna fram á að stefndi hefði framlengt lánið þrátt fyrir að höfuðstóll lánsins hefði ekki verið gengistryggður. Stefndi telur að með tilboði sínu 27. apríl 2010 um 19.000.000 kr. lokagreiðslu og innborgun 29. desember 2011 hafi hann sýnt það í verki að hann hefði getað borgað lánið á gjalddaga 1. desember 2008 hefði höfuðstóll þess ekki verið bundinn með ólögumætum hætti við gengi japanskra jena. Í öllu falli hafi stefndi sýnt fram á að hann hefði getað borgað lánið á gjalddaga 1. desember 2009. Verði ekki fallist á að forsendur hafi brostið fyrir framlengingu lánsins á gjalddaga 1. desember 2008 byggir stefndi á því að forsendur hafi að minnsta kosti brostið fyrir vaxtagreiðslu sem hafi verið útistandandi þegar lánið hafi fallið í gjalddaga 1. nóvember 2010.

Með vísan til framangreinds telji stefndi að 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. 36. gr. c sömu laga, leiði til sömu niðurstöðu. Stefndi telji ljóst með hliðsjón af stöðu samningsaðila og atvika við og eftir samningsgerðina að ósannngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu stefnanda að krefja stefnda um tvær síðustu vaxtaskuldbindingarnar með gjalddaga 1. desember 2009 og 1. nóvember 2010.

Stefndi mótmælir sérstaklega dráttarvaxtakröfu stefnanda og krefst þess að hann verði sýknaður af henni. Með vísan til framangreinds telji stefndi slíkan annmarka á málatilbúnaði stefnanda að sýkna beri stefnda af öllum kröfum hans, þar á meðal kröfu um dráttarvexti. Verði ekki fallist á þá kröfu stefnda byggir stefndi á því að það hafi verið atvik sem hafi varðað stefnanda sem hafi valdið því að greiðsla hafi ekki verið innt af hendi á réttum tíma og því beri að hafna kröfu stefnanda um dráttarvexti. Það sé meginregla í kröfurétti, sbr. 7. gr. laga nr. 38/2001, að valdi atvik, sem kröfuhafa og skuldara verði ekki um kennt, því að greiðsla fari ekki fram skuli ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verði af þeim sökum. Í fyrsta lagi verði stefnanda um kennt að hafa veitt stefnda lán sem hafi með ólögumætum hætti verið bundið við gengi japanskra jena. Þetta hafi haft áhrif á öll síðari samskipti aðila og hafi stefndi ekki viljað greiða lánið að fullu með eingreiðslu á gjalddaga líkt og gengistryggingin væri lögumæt. Til þess hefði stefndi ekki haft fjárhagslegt bolmagn og hafi stefnanda mátt vera það ljóst. Stefndi hafi sýnt það í verki að hann hefði greitt lánið á gjalddaga ef ekki hefði verið fyrir hina ólögumætu gengistryggingu. Í annan stað hafi stefndi oftast en einu sinni gert

stefnanda löglegt greiðslutilboð sem hafi numið hærri fjárhæð en stefnda hafi borið að greiða miðað við að lán hans hjá stefnanda væri ólöglegt. Þetta hafi stefndi gert þrátt fyrir að vera í afar íþyngjandi samningssambandi við stefnanda. Þannig hafi stefndi boðist til þess að greiða slitastjórn SPRON hf. 19.000.000 kr. lokagreiðslu sem slitastjórnin hafi hafnað, sbr. framlagðan tölvupóst dagsettan 27. apríl 2010. Í kjölfar þess hafi stefndi lagt fram útfært tilboð í þeirri viðleitni að greiða skuld sína eins og fram komi í fyrrgreindum tölvupósti. Þessu tilboði hafi slitastjórnin einnig hafnað. Stefndi telur að framangreind tilboð hafi uppfyllt öll skilyrði löglegs greiðslutilboðs. Sönnunarbyrðin um annað hvíli á stefnanda. Það sé því ljóst að stefnda verði ekki kennt um greiðsludráttinn og að ekki beri að reikna dráttarvexti af kröfu stefnanda.

Með vísan til framangreinds byggi stefndi einnig á því að það væri ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu stefnanda að bera dráttarvextina fyrir sig. Þeir séu því óskuldbindandi fyrir stefnda, sbr. 36. gr. og 36. gr. c samningalaga nr. 7/1936.

Af framangreindu leiði að einnig beri að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um staðfestingu á veðrétti.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu, einkum 2., 7., 13., 14. og 18. gr. þeirra. Einnig vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfuréttar og laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, einkum III. kafla laganna. Stefndi byggir auk þess á reglum kröfuréttar um að kröfuhafi glati frekari kröfum með útgáfu fullnaðarkvittana. Stefndi vísar jafnframt til dóma Hæstaréttar Íslands sem hafa gengið um ólöglegt gengistryggð lán.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu eftirstöðvar skuldar á grundvelli lánessamnings aðila. Lýtur ágreiningur aðila að því hvort skilmálar samningsins feli í sér að lánið sé í erlendri mynt eða í íslenskum krónum, bundið við gengi erlendra gjaldmiðla með ólöglegum hætti, samkvæmt 13. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu.

Samkvæmt dómum Hæstaréttar Íslands verður við úrlausn framangreinds ágreiningsefnis fyrst og fremst litið til forms og meginefnis þeirra gerninga sem liggja til grundvallar skuldbindingum. Í því sambandi skiptir einkum máli hvernig skuldbindingin sjálf er tilgreind í þeim gerningum og skal þá litið til heitis samnings eða skuldabréfs, tilgreiningu lánsfjárhæðar og hvort vaxtakjör séu í samræmi við það að lán sé í erlendri mynt.

Stefndi þessa máls skrifaði undir umsókn til SPRON hf. um lán í erlendri mynt 30. nóvember 2006. Verður að líta svo á að lánessamningur hafi komist á milli stefnda og SPRON hf. þann sama dag enda kemur fram á umsókninni að hún hafi

Þá verið samþykkt af starfsmanni eða starfsmönnum SPRON hf. Tvö skjöl voru gefin út vegna lánveitingarinnar daginn eftir, 1. desember 2006, og fjórar skilmálabreytingar gerðar á árunum 2007-2010. Framangreind umsóknin er „um lán í erlendri mynt“, fram kemur að viðmiðunarfjárhæð lánsins sé 10.000.000 kr. og hlutfall erlendra mynta sé 100% japönsk jen. Lánið skyldi bera LIBOR-vexti með 1,8% álagi. Þá skyldi tékkareikningur stefnda í íslenskum krónum skuldfærður fyrir afborgunum og vöxtum af láninu.

Daginn eftir að lánsúmsókn stefnda var samþykkt undirritaði hann aðra beiðni „um reiknislán í erlendum myntum“. Í þeirri beiðni kemur fram að stefndi óski eftir því að honum verði veitt lán að upphæð 17.152.659 japanskra jena, vextir verði 12 mánaða LIBOR-vextir með 1,8% álagi og lántökugjald verði 1%. Í framlagðri kaupnótu, útgefinni 1. desember 2006, kemur fram að lánsfjárhæðin sé 17.152.659 japönsk jen og 1% lántökugjaldið, sem er reiknað af þeirri fjárhæð, er einnig tilgreint 171.527 japönsk jen. Ekki kemur fram á kaupnótunni hvaða dag myntgengið er miðað við en í staðfestingu starfsmanns SPRON hf. á láninu, dagsettri 1. desember 2006, er kaupgengið dagsett þann sama dag. Í staðfestingunni er jafnframt kveðið á um að útreikningur í íslenskar krónur muni miðast við sölugengi Sparisjóðabanka Íslands hf. á gjalddaga. Staðfestingin er ekki undirrituð af stefnda en hann byggir hins vegar á því í greinargerð málsins að skilmálar hennar séu hluti af samningi aðila og verður því við það miðað. Ekki er um það deilt að stefndi fékk lánið greitt út í íslenskum krónum.

Með tveimur staðfestum beiðnum um framlengingu á lánstímanum, dagsettum 3. desember 2007 og 1. desember 2008, var gjalddagi lánsins færður aftur um eitt ár og skyldu vextir, í báðum tilfellum, greiðast bæði á upphaflegum og nýjum gjalddaga. Vextir skyldu áfram vera 12 mánaða LIBOR-vextir en með 2,3% álagi. Í beiðnunum kemur upphæð lánsins í íslenskum krónum ekki fyrir en staða þess er tilgreind 17.152.659 japönsk jen. Upphæð lánsins í japönskum jenum var því, í báðum framlengingarbeiðnum, óbreytt frá upphaflegri lánsfjárhæð í sömu mynt. Í beiðnunum kemur fram að lántakandi staðfesti að hann hefði verið upplýstur um og skilji fyllilega að áhrif hugsanlegra gengissveiflna geti orðið þau að heildarskuld hans í gjaldmiðlum lánsins geti orðið hærri en upphafleg lánsfjárhæð. Þá skyldi sami reikningur og áður, tékkareikningur stefnda í íslenskum krónum, vera skuldfærður fyrir láninu, ásamt vöxtum og kostnaði.

Með tveimur skuldbreytingum, undirrituðum af stefnda og starfsmönnum Arion banka hf., samkvæmt umboði, var skilmálum lánsamnings aðila breytt. Fyrri skuldbreytingin er undirrituð 22. desember 2009 og ber fyrirsögnina „Breyting á greiðsluskilmálum lánssamnings með erlendu myntviðmiði“. Í fyrri skjöllum hafði verið vísað til láns nr. 665 en í þessari skuldbreytingu er vísað til lánssamnings með númer sem miðast við banka, höfuðbók og númer. Höfuðbókin er nr. 35 sem eru reikningar í erlendum myntum. Í skjalinu er lánsfjárhæðin hvergi tilgreind í íslenskum krónum en upphafleg lánsfjárhæð tilgreind 17.152.659 japönsk jen. Með skilmálabreytingunni var áföllnum vöxtum 1. desember 2009 bætt við höfuðstól lánsins sem var þá þann dag, 17.749.819 japönsk jen. Nýr gjalddagi skyldi vera 1. apríl 2010. Sami reikningur skyldi skuldfærður og samkvæmt upphaflegum lánssamningi og vextir skyldu áfram vera LIBOR-vextir en með 2,5% álagi frá 1. desember 2009. Að öðru leyti skyldu ákvæði lánssamnings aðila haldast óbreytt. Í skjalinu er enginn fyrirvari um áhættu af gengissveiflum líkt og í fyrri skilmálabreytingum lánssamningsins og hvergi fjallað

um að við afborganir og greiðslu vaxta skuli miðað við gengi á tilteknum degi. Eina viðmiðunin í þeim efnum er það sem fram kemur á framangreindri staðfestingu starfsmanns SPRON hf. frá 1. desember 2006 um að útreikningur í íslenskar krónur muni miðast við sölugengi Sparisjóðsbanka Íslands hf. á gjalddaga. Skuldbreytingin sem er undirrituð 12. maí 2010 er eins að öðru leyti en því að fram kemur að höfuðstóll lánsins hafi 6. apríl 2010 verið, að viðbættum áföllnum vöxtum, orðinn 17.750.499 japönsk jen og að greiðslu afborgana og vaxta sé frestað til 1. nóvember 2010.

Með þessum síðastnefndu skilmálabreytingum frá 22. desember 2009 og 12. maí 2010 sömdu aðilar að lánsamningnum um breytingu á greiðsluskilmálum samningsins. Fyrirsögn skilmálabreytinganna gefur til kynna að lán samkvæmt samningi aðila sé í íslenskum krónum með erlendu myntviðmiði. Hins vegar kemur fjárhæð skuldbindingar stefnda skýrt fram í samningsákvæðum skilmála breytinganna. Fjárhæð höfuðstóls lánsins er tilgreind í japönskum jenum án nokkurrar tilvísunar til íslenskrar krónu eða jafnvirðisviðmiðunar við hana. Er það í samræmi við tilgreiningu höfuðstóls í fyrri samningum aðila um skilmálabreytingar lánsins. Lánið bar frá upphafi og eftir skilmálabreytingarnar LIBOR-vextir með tilgreindu álagi og þykir það renna frekari stoðum undir það að lánið hafi verið í japönskum jenum en ekki í íslenskum krónum. Þá er enginn fyrirvari í skilmálabreytingunum um áhættu af gengissveiflum en áfram miðað við það að við afborganir og greiðslu vaxta skyldi útreikningur í íslenskar krónur miðast við sölugengi á gjalddaga. Enn fremur eru áfallnir vextir í báðum tilvikum reiknaðir út í japönskum jenum og felldir við höfuðstól lánsins, einnig í japönskum jenum.

Þegar samningur aðila með framangreindum skilmálabreytingum er virtur í heild sinni, verður að líta svo á að hann kveði ótvírætt á um gilda skuldbindingu í japönskum jenum.

Stefndi byggir meðal annars á því að hann hafi samkvæmt tilgreindum reikningi í lánsamningi aðila, sem og í raun, fengið lánið greitt út í íslenskum krónum. Sami reikningur, tékkareikningur í íslenskum krónum, skyldi skuldfærast fyrir afborgunum og vöxtum af láninu og hann hafi í raun, samkvæmt framlögðum gögnum, greitt vexti af láninu í íslenskum krónum. Báðir aðilar skyldu því og hafi í raun efnt skyldur sínar samkvæmt samningi þeirra í íslenskum krónum. Af dómum Hæstaréttar Íslands, meðal annars frá 2. maí 2013 í máli nr. 715/2012, verður hins vegar ályktað að ekki skipti máli þótt greiðslur fari fram í íslenskum krónum þegar skýrt komi fram í lánsamningi að skuldin sé í erlendri mynt og haggar sú greiðslutilhögun því ekki fyrrgreindri niðurstöðu.

Málsástæður stefnda sem lúta að því að ógilda beri eða lækka tvær síðustu vaxtaskuldbindingar lánsins og málsástæður hans sem varða dráttarvaxtakröfu stefnanda byggja á því að lánsamningur aðila sé um lán í íslenskum krónum bundið við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögætum hætti. Þar sem komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að lánsamningur aðila kveði á um gilda skuldbindingu í japönskum jenum koma þessar málsástæður ekki til skoðunar.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu verður staðfestur veðréttur stefnanda í fasteigninni að Frostaskjólí 87, Reykjavík, með fastanúmer 202-4371, samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu 1. desember 2006, í samræmi við dómkröfur málsins, og réttur hans til að fá gert fjárnám í veðinu.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað og þykir hann hæfilega ákveðinn 500.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar var tekið tillit til þeirrar skyldu stefnanda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Dóminn kveður upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Benedikt Skarphéðinsson, greiði stefnanda, Dróma hf., 25.294.835 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 1. nóvember 2010 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 29. desember 2011 að fjárhæð 10.000.000 kr.

Staðfestur er 6. veðréttur stefnanda í fasteigninni að Frostaskjólí 87, Reykjavík, með fastanúmer 202-4371, samkvæmt tryggingarbréfi, með þinglýsingarnúmer R-12831/2006, útgefnu af stefnda 1. desember 2006, að fjárhæð 20.500.000 japönsk jen, fyrir tildæmdri fjárhæð. Staðfestur er réttur stefnanda til að fá gert fjárnám í veðinu fyrir tildæmdri fjárhæð, dráttarvöxtum og kostnaði.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 kr. í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir